

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/28/EB frá 12. janúar 2005 um breytingu á ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin héruð á Ítalíu séu laus við öldusótt (B. melitensis) og á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin héruð á Ítalíu séu laus við berkla og öldusótt í nautgripum og smitandi nautgripahvítblæði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB frá 11. janúar 2005 um samhæfða staðla fyrir ákvörðun á tilteknum leifum í afurðum úr dýraríkinu sem eru fluttar inn frá þriðju löndum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/43/EB frá 30. desember 2004 um breytingu á ákvörðun 95/388/EB að því er varðar uppfærslu á fyrirmynd að heilbrigð isvottorði fyrir viðskipti innan Bandalagsins með sæði, egg og fósturvísa sauðfjár og geita ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/58/EB frá 26. janúar 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar lok áætlana um útrýmingu og bólusetningu í sambandsríkjunum Neðra-Saxlandi og Nordrhein-Westfalen og áætlun um útrýmingu í sambandsríkinu Saarlandi (Þýskalandi) ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/59/EB frá 26. janúar 2005 um samþykkt áætlana um útrýmingu svínapestar í villtum svínum og um neyðarbólusetningu gegn svínapest í þessum svínum í Slóvakíu ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/64/EB frá 26. janúar 2005 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/65/EBE að því er varðar skilyrði fyrir innflutningi katta, hunda og frettna fyrir samþykktu aðila, stofnanir eða stöðvar ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/65/EB frá 28. janúar 2005 að því er varðar tilteknar tímabundnar viðbótarábyrgðir fyrir Danmörku í tengslum við breytingu á stöðu

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 19.1.2005, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 61.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 34.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 45.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 46.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 48.

hennar sem aðildarlands þar sem ekki er bólusett gegn Newcastle-veiki (⁸) skal felld inn í samninginn.

- 9) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/66/EB frá 28. janúar 2005 um niðurfellingu á ákvörðun 2003/363/EB um samþykkt áætlunar um að útrýma svínapest í villtum svinum á tilteknum svæðum í Belgíu (⁹) skal felld inn í samninginn.
- 10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/92/EB frá 2. febrúar 2005 að því er varðar skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, vottun og bráðabirgðaákvæði um aðflutning og geymslutíma sendinga tiltekinna afurða úr dýraríkinu á frísvæðum, í tollfrjálsum vörugeymslum og aðstöðu rekstraraðila sem sjá millilandaskipum í Bandalaginu fyrir vistum (¹⁰) skal felld inn í samninginn.
- 11) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/138/EB frá 16. febrúar 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/828/EB að því er varðar flutninga dýra innan takmörkunarsvæðis í Portúgal og frá því í tengslum við uppkomu blátungu í því aðildarríki (¹¹) skal felld inn í samninginn.
- 12) Með ákvörðun 2005/65/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/552/EBE (¹²), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.
- 13) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2005/28/EB, 2005/34/EB, 2005/43/EB, 2005/58/EB, 2005/59/EB, 2005/64/EB, 2005/65/EB, 2005/66/EB, 2005/92/EB og 2005/138/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(⁸) Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 52.

(⁹) Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 54.

(¹⁰) Stjtið. ESB L 31, 4.2.2005, bls. 62.

(¹¹) Stjtið. ESB L 47, 18.2.2005, bls. 38.

(¹²) Stjtið. EB L 298, 29.10.1991, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2005

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 127. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 745/2004) í hluta 1.2:
 - „128. **32005 D 0034**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB frá 11. janúar 2005 um samhæfða staðla fyrir ákvörðun á tilteknum leifum í afurðum úr dýraríkinu sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 61).
 129. **32005 D 0064**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/64/EB frá 26. janúar 2005 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/65/EBE að því er varðar skilyrði fyrir innflutningi katta, hunda og frettna fyrir samþykktu aðila, stofnanir eða stöðvar (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 48).
 130. **32005 D 0092**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/92/EB frá 2. febrúar 2005 að því er varðar skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, vottun og bráðabirgðaákvæði um aðflutning og geymslutíma sendinga tiltekinna afurða úr dýraríkinu á frísvæðum, í tollfrjálsum vöruheymslum og aðstöðu rekstraraðila sem sjá millilandaskipum í Bandalaginu fyrir vistum (Stjtið. ESB L 31, 4.2.2005, bls. 62).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/828/EB) í hluta 3.2:

„- **32005 D 0138**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/138/EB frá 16. febrúar 2005 (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2005, bls. 38).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/135/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:

„- **32005 D 0058**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/58/EB frá 26. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 45).“
4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 28. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/832/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
 - „29. **32005 D 0059**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/59/EB frá 26. janúar 2005 um samþykkt áætlana um útrýmingu svínapestar í villtum svínum og um neyðarbólusetningu gegn svínapest í þessum svínum í Slóvakíu (Stjtið. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 46).
 30. **32005 D 0066**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/66/EB frá 28. janúar 2005 um niðurfellingu á ákvörðun 2003/363/EB um samþykkt áætlunar um að útrýma svínapest í villtum svínum á tilteknum svæðum í Belgíu (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 54).“
5. Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2 falli brott texti 23. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/363/EB).

6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
„- **32005 D 0028**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/28/EB frá 12. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 15, 19.1.2005, bls. 30).“
7. Eftirfarandi bætist við í 36. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/388/EB) í hluta 4.2:
„, eins og henni var breytt með:
- **32005 D 0043**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/43/EB frá 30. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 34).“
8. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2:
„81. **32005 D 0065**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/65/EB frá 28. janúar 2005 að því er varðar tilteknar tímabundnar viðbótarábyrgðir fyrir Danmörku í tengslum við breytingu á stöðu hennar sem aðildarlands þar sem ekki er bólusett gegn Newcastle-veiki (Stjtíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 52).“
9. Texti 2. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/552/EBE) í hluta 4.2 falli brott.